Minnisblað UMSÖGN FRÁ AVH

Dagsetning: 27. mars 2020

Efni: Eyrarlandsvegur 31, breyting á deiliskipulagi, umsögn um athugasemdir

Málsnúmer: *2019050172*

Höfundur: Pétur Ingi Haraldsson

Ritað fyrir: Skipulagsráð

Aðili	**Athugasemd/umsögn**	**Viðbrögð við athugasemd/umsögn**
Björgvin Björgvinsson, Eyrarlandsvegi 29 **A**	1.Gerð athugasemd við að það verði gluggar á norðurhlið hússins. 2.Gerð athugasemd við að byggingarreitur stækki 2 m til norðurs. 3.Höfnum framkvæmd þar sem engar teikningar eða staðsetning húss hafi verið kynntar.	1. sjá neðar *A 2. sjá nr 1. 3. sjá frumdrög að nýbyggingu
Smári S. Sigurðsson **B**	1.Gerð athugasemd við að ekki verði kynnt teikning af húsinu. 2. Farið fram á að mörk byggingarreits verði ekki færð til suðurs og að upprunaleg lóðarmörk verði virt. 3. Vantar að sýna tvö bílastæði á lóð nr. 33.	1. sjá frumdrög að nýbyggingu 2. sjá neðar *B 3. Gerum ekki athugasemd

***A 1. Umsögn:**

- Með því markmiði að leiðarljósi að halda nýbyggingu (sjá innsend frumdrög) í takti við núverandi götumynd og stíl núverandi húss er gert ráð fyrir að norðurhlið nýbyggingar verði í sömu línu og núverandi norðurhlið sem er í um 5,2 m fjarlægð frá norðurlóðarmörkum og um 10, 8 m fjarlægð frá suðurhlið Eyrarlandsvegar 29.
- 10,8 m fjarlægð er talin góð fjarlægð milli húsa og þykir samkvæmt því ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir gluggum á norðurhlið nr. 31.
- Samkvæmt frumdrögum eru gluggar í íverurýmum við norðurhlið að töluverðum hluta austar en suðurhlið nr. 29 nær.
- Stigahús á norðurhlið er í um 9 m fjarlægð frá suðurhlið nr. 29 og gluggalaust til norðurs og er svipað að umfangi og núverandi stigahús.

***B 2. Umsögn:**

- Með því markmiði að leiðarljósi að halda nýbyggingu (sjá innsend frumdrög) í takti við núverandi götumynd og stíl núverandi húss er gert ráð fyrir að breikka húsið aðeins um 0,5 m til suðurs sem samsvarar um 8,8 m fjarlægð frá norðurhlið Eyrarlandsvegar nr. 33 að suðurhlið nr. 31 sem telst góð fjarlægð milli húsa.
- Varðandi suðurlóðarmörk þá eru þau samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.